

Samfelldur dagur barna 6-16 ára

7. mars

2016

Undirbúningur fyrir áætlun um samfelldan dag barna 6-16 ára, í samræmi við samstarfssáttmála við myndun meirihluta borgarstjórnar 2014-2018.

Skýrsla
starfshóps

Innihald

Inngangur	2
Hvað er átt við með samfelldum degi barna?	3
Gagnaöflun	3
Kortlagning á núverandi stöðu og hvað áunnist hefur á undanförunum árum við að búa börnum samfelldan og innihaldsríkan dag.....	4
Árangur í samfelldum degi	4
Frístundaheimili rekin af frístundamiðstöðvum.....	6
Frístundaheimili rekin af grunnskólum	7
Viðbótarstundin.....	8
Annað frístundastarf á starfstíma frístundaheimila	9
Sumarstarf	10
Félagsmiðstöðvar	11
Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi	12
Börn sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning.....	15
Starfsmannamál	16
Áætlun um hvernig megi flétta íþróttir, hreyfingu, listnám og fjölbreyttar tómstundir í auknu mæli inn í samfelldan dag barna	17
Frístundaakstur.....	18
Mat starfshópsins á því að eldri árgangar í grunnskólum hefji skóladaginn síðar á morgnana	22
Áætlun starfshópsins um samfelldan dag barna 6-16 ára - Samantekt	24
Fylgiskjal 1 – Kortlagning íþróttar-, félags- og frístundastarfs í hverfum	26
Fylgiskjal 2 – Skólabyrjun og skólalok í Reykjavík, vorönn 2015	30

Inngangur

Borgarstjóri skipaði starfshóp í október 2014 sem hafði það hlutverk að undirbúa áætlun um samfelldan dag barna, 6-16 ára, í samræmi við samstarfssáttmála við myndum meirihluta borgarstjórnar 2014. Starfshópin skipuðu: Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu SFS (formaður), Auður Árný Stefánsdóttir og síðar Guðlaug Sturlaugsdóttir skrifstofustjórar grunnskólahluta fagskrifstofu SFS (auk þess sem Guðrún Edda Bentsdóttir sat nokkra fundi), Gísli Árni Eggertsson frá ÍTR, Kjartan Ásmundsson frá ÍBR, Árný Inga Pálsdóttir fulltrúi grunnskólastjóra, Guðrún Kaldal og síðar Helgi Eiríksson fulltrúar framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva og Sigríður A. Jóhannsdóttir frá VEL.

Starfsmenn hópsins voru Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Selma Árnadóttir, verkefnastjórar á frístundahluta fagskrifstofu SFS.

Helstu verkefni starfshópsins:

- i) Starfshópurinn kortleggi núverandi stöðu og hvað áunnist hefur á undanförnum árum við að búa börnum samfelldan og innihaldsríkan dag.
- ii) Starfshópurinn horfi til þeirra fjölbreyttu tækifæra sem eru til útivistar og útináms, íþróttaiðkunar og listnáms um alla borg og geri áætlun um hvernig megi flétta íþróttir, hreyfingu, listnám og fjölbreyttar tómstundir inn í samfelldan dag barna.
- iii) Sem þátt í tillögugerð sinni verði tekin afstaða til bestu leiða við frístundaakstur, þar sem stefnt verði að því að nýta megi almennar strætisvagnaferðir (með þjálfun eða öðrum stuðningi) eftir því sem kostur er.
- iv) Starfshópurinn leggi mat á hugmyndir eða tilraunverkefni um að eldri árgangar í grunnskólum hefji skóladaginn síðar á morgninum og hvort slíkar útfærslur gætu nýst við að ná markmiði um samfelldan og innihaldsríkan skóladag.

Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu 23. mars 2015 í samræmi við erindisbréf og skilar nú lokaskýrslu. Hér er fyrst sett fram skilgreining hópsins á samfelldum degi barna og sagt frá því í hverju gagnaöflun hópsins fólst. Þá er kortlagning á núverandi stöðu og hvað áunnist hefur á undanförnum árum við að búa börnum samfelldan og innihaldsríkan dag og kaflar þar undir með þeim efnisflokkum sem efstir voru á baugi í umræðum hópsins. Í næsta kafla er sett fram áætlun um hvernig megi flétta íþróttir, hreyfingu, listnám og fjölbreyttar tómstundir í auknu mæli inn í samfelldan dag barna. Þar á eftir kemur kafli um frístundaakstur og að lokum mat starfshópsins á því að eldri árgangar í grunnskólum hefji skóladaginn síðar á morgnana. Í lok hvers kafla eru tillögur starfshópsins tilgreindar auk þess sem tillögurnar eru teknar saman í lokin.

Hvað er átt við með samfelldum degi barna?

Starfshópurinn komst fljótt að því að ekki leggja allir sama skilning í hugtakið *samfelldan dag barna*. Oft hefur þetta hugtak verið notað til að lýsa samfelli í starfi grunnskóla og frístundaheimila fyrir börn í 1.-4. bekk til um kl. 14 á daginn, en minni áhersla lögð á tímann eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Þá er verið að horfa til þess að stundatafla barna í 1.-4. bekk sé stokkuð upp og skólastarfið samþætt við frístundastarf með virku samstarfi í báðum stofnunum, skilin milli skóla- og frístundastarfs minnki og þverfaglegt samstarf sé meira. En þar sem þessi starfshópur á að fjalla um aldurshópin 6-16 ára og hlutverk hópsins er meðal annars að gera áætlun um hvernig hægt er að flétta íþróttaiðkun og listnámi inn í samfelldan dag barna og fjalla um frístundaakstur kýs starfshópurinn að túlka hlutverk sitt víðar. Með samfelldum degi barna er hér átt við hvernig skóla- og frístundastarf sem börn og unglingar á grunnskólaaldri sækja fellur hvert að öðru og annarri hreyfingu, námi, afþreyingu, hvíld og næringu sem þau fá yfir daginn og fram á kvöld.

Í skýrslunni er kortlagning á því starfi sem börn í Reykjavík taka þátt í yfir daginn og fram á kvöld. Leitast er við að greina hvað hefur gengið vel í því að samþætta dag barna og unglinga og hvað má betur fara í þeim efnum.

Gagnaöflun

Vinna starfshópsins fólst að miklu leyti í gagnaöflun og fór hún fram með ýmsum hætti.

Í foreldrakönnun frístundaheimilanna hefur lengi verið spurt hvernig gengur að samræma dvöl barnsins á frístundaheimilinu við annað frístundastarf sem barnið sækir. Í foreldrakönnuninni sem lögð var fyrir snemma á vorönn 2015 var að auki bætt inn spurningum um frístundaakstur og hversu miklu eða litlu máli það skipti foreldra að börnin fái að borða, hvílast og fái fylgd milli staða áður en þau fara í annað frístundastarf.

Þrír grunnskólar sem eru samreknir grunnskólar og frístundaheimili voru metnir í ytra mati á vorönn 2015 og voru skýrslur úr því mati hafðar til hliðsjónar og til samanburðar hefur eitt frístundaheimili sem starfrækt er af frístundamiðstöð verið metið.

Fjármálaþjónusta SFS gerði fjárhagslega úttekt á starfi frístundaheimilanna fimm sem starfrækt eru af grunnskólum.

Starfshópurinn kom inn nokkrum aukaspurningum í könnun rannsóknamiðstöðvarinnar Rannsóknar og greiningar (R&G) um hagi og líðan barna í 5.-7. bekk. Spurningarnar vörðuðu ferðatíma og ferðamáta þegar börnin sóttu skipulagt frístundastarf. Úrvinnsla svaranna var á hendi ÍTR.

Upplýsingar um þátttöku barna og unglinga í íþrótt-, menningar- og annarri æskulýðsstarfsemi voru fengnar frá ÍTR úr gagnagrunni Frístundakortsins.

Þá safnaði fulltrúi velferðarsviðs í hópnum upplýsingum um tómstundatilboð eftir hverfum, fyrir hvaða aldur þau voru og á hvaða tíma dags börnin komast í starfið.

Í júní 2015 var hlutverk og vinna hópsins kynnt fyrir stjórnendum frístundamiðstöðva og farið var í hópavinnu þar sem spurt var út í samfelldan dag barna og unglunga.

Ennfremur lagði hópurinn könnun fyrir grunnskólastjóra og forstöðumenn frístundaheimila SFS, í samstarfi við Tölfræði og rannsóknarþjónustu SFS (TOR). Spurningalisti þeirrar könnunar var unninn út frá verkefnum hópsins.

Þá voru fyrirbyggjandi skýrslur rýndar og hafðar til hliðsjónar, þar á meðal skýrsla um þjónustu velferðarsviðs við börn sem lögð var fyrir velferðarráð 26. febrúar 2015 og skýrslan *Tækifæri barna til frístundastarfs – Tillögur að úrbótum* (2013) þar sem unnar voru tillögur sem miða að því að auka og jafna tækifæri og aðgengi þeirra hópa barna sem virðast síður nýta frístundatilboð. Eins má nefna skýrslu um frístundaakstur 2013 og niðurstöður síðustu ára er varða ánægju nemenda í 5.-10. bekk með íþróttastarfið en nokkur reynsla er komin á kannanir R&G hvað það varðar.

Kortlagning á núverandi stöðu og hvað áunnist hefur á undanförunum árum við að búa börnum samfelldan og innihaldsríkan dag

Árangur í samfelldum degi

Þátttaka barna á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Í töflu 1 má sjá hlutfall barna í 1.- 4. bekk grunnskóla sem nota þjónustu frístundaheimilanna eftir árgöngum. Árið 2008 voru 2.489 börn skráð á frístundaheimili en árið 2015 er fjöldinn kominn upp í 4.320.

Tafla 1:

Haust	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
2008	77%	55%	28%	6%
2009	83%	74%	45%	9%
2010	89%	77%	52%	18%
2011	90%	81%	59%	22%
2012	91%	82%	60%	24%
2013	87%	81%	56%	24%
2014	90%	81%	64%	26%
2015	99%	90%	70%	30%

Skv. foreldrakönnun frístundaheimilanna sem lögð var fyrir á vorönn 2015 eru 87% foreldra almennt ánægðir með frístundaheimilið sem barn þeirra er í og 93% foreldra segja barni sínu líða almennt vel á frístundaheimilinu. Foreldrar eru óánægðastir með húsnæði, gjaldið og finnst börnin ekki fá næga möguleika á að komast í ró og næði inni á frístundaheimilnu.

Mikil þróun hefur orðið í samstarfi frístundaheimila og grunnskóla á undanförunum árum með auknu trausti og virðingu milli starfsstéttanna sem þar starfa. Þar má m.a. nefna aukið samræmi á milli dagatala frístundaheimila og grunnskóla, samstarf um börn sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning er orðið meira og samnýting á húsnæði hefur aukist. Grunnskólar og frístundamiðstöðvar eru almennt í auknu samstarfi við að gera dag barnsins sem heildstæðastan. Að auki hefur samstarf milli leikskóla og frístundaheimila verið að aukast. Aðlögun leikskólabarna í grunnskóla felur nú einnig í sér heimsóknir á frístundaheimilin og forstöðumenn frístundaheimila sitja skilafundi leikskóla vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning með upplýstu samþykki foreldra. Einnig má nefna ýmis samstarfsverkefni milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva og samstarf um einstök börn þegar þau eru að hætta á frístundaheimili og við tekur félagsmiðstöðvastarf. Þá er rétt að minnst hér á mikið og gott samstarf frístundaheimila og frjálsra félaga, s.s. um að koma börnum á æfingar áður en foreldrar ljúka sínum vinnudegi.

Starfshópurinn óskaði eftir því að verkefnastjórar forvarna og félagsauðs (frístundaráðgjafar) á þjónustumiðstöðvunum myndu taka saman yfirlit yfir allt íþrótt-, félags- og tómstundastarf í sínu hverfi. Upplýsingar bárust ekki frá Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti og því eiga eftirfarandi upplýsingar eingöngu við um framboð af íþrótt-, félags- og tómstundastarfi í öðrum hverfum borgarinnar. Samkvæmt þessum gögnum er íþrótt-, félags- og tómstundastarfi fyrir 6-9 ára börn almennt lokið kl. 18:15 í öllum hverfum borgarinnar og fyrir 10-12 ára börn um kl. 19:00 (sjá fylgiskjal 1). Nokkuð er þó um séræfingar, dansæfingar og skátastarf til kl. 19:30. Þau félög sem koma því við hafa æfingarnar á virkum dögum. Það er undantekning ef starfsemin fer fram yfir útivistartíma viðkomandi aldurs hóps.

Áhugavert er að rýna í yfirlitið yfir framboð af íþrótt- og frístundastarfi í hverfum borgarinnar, þar sem framboðið er mismunandi milli hverfa og nauðsynlegt að kortleggja árlega hvað er í boði í hverju hverfi. Eru hverfin með sambærileg tilboð til barna og unglinga í borginni? Er of mikil einsleitni í tilboðum til barna og unglinga um frístundastarf í dag? Ætti borgin að skilyrða eða forgangsraða styrkjum til félaga, stofnana og samtaka um ákveðið tilboð ef t.d. vantar skapandi verkefni í ákveðin hverfi o.s.frv.?

Fjöldi tilboða í íþrótt-, félags- og tómstundastarfi er mismunandi á milli hverfa. Til dæmis er margt í boði í Laugardals- og Háaleitishverfi en aðeins minna val í Efra-Breiðholti.

Í nýrri menntastefnu Dana er eitt af markmiðunum að fara í samstarf við frjáls félagasamtök og reyna að fá þau til að koma með íþrótt- og tómstundatilboð fyrr að deginum til. Íþróttatilboð til barna á yngsta stigi hafa iðulega verið eftir kl. 17 en nú er verið að reyna að breyta því, bæði til að nýta íþróttamannvirki betur og til að yngstu börnin séu búin að ljúka sínum vinnudegi kl. 17. Miðað við það yfirlit sem liggur fyrir varðandi íþrótt-, félags- og tómstundastarf í Reykjavík þá hefur mikill árangur náðs hvað þetta varðar. Flest börn á

aldrinum 6-9 ára eru búin að ljúka sínu skóla- og frístundastarfi þegar foreldrar ljúka sinni vinnu og því getur fjölskyldan átt sinn gæðatíma þegar hún kemur heim milli kl. 17 og 18.

Frístundaheimili rekin af frístundamiðstöðvum

Fimm frístundaheimili eru rekin af grunnskólum og 35 af frístundamiðstöðvum. Í könnun sem tölfræði- og rannsóknarþjónusta SFS (TOR) lagði fyrir grunnskólastjóra og forstöðumenn frístundaheimila komu fram skiptar skoðanir á því hvort frístundaheimilin eigi að vera rekin af frístundamiðstöðvum eða grunnskólum. Sumum stjórnendum finnst kosturinn við að frístundamiðstöð reki frístundaheimili vera aukinn fjölbreytileiki fyrir börnin þar sem skipulag og hugmyndafræði starfsins sé ólíkt skólanum. Börnin upplifi að þau séu komin í „frí“ þegar þau koma á frístundaheimilið. Forstöðumenn frístundaheimila nefndu líka að ef starfið væri undir skólastjórum væru meiri líkur á að fjármagnið í frístundastarfið myndi hverfa inn í almennan rekstur grunnskólans. Sumir skólastjórar nefndu að þar sem frístundamiðstöð sæi um rekstur frístundaheimila væri minna álag á skólastjórnendur og skólahúsnæði, fleiri starfsmenn komi að börnunum og að því fylgi betri samræming og utanumhald um frístundastarfið. Jafnframt var minnst á öflugt frístundastarf og mikla fagþekkingu á frístundamiðstöðvunum og frístundaheimilin njóti góðs af því. Þá undirbúi frístundaheimilin börnin fyrir virka þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi. Hins vegar segja stjórnendur galla þess að frístundamiðstöð starfræki frístundaheimilin vera helst að önnur viðmið gildi um umgengni og hegðun barnanna í sama húsnæði og að það sé ruglandi fyrir þau. Í þeim tilfellum þar sem um samráðningar er að ræða verði oft skörun á vinnutíma við grunnskóla og við frístundaheimili. Einhverjir töluðu um gott samstarf milli grunnskóla og frístundaheimila en aðrir nefndu að ekki væri nægjanlegt upplýsingaflæði varðandi börnin og að það kæmi í veg fyrir að dagurinn væri hugsaður sem eina heild hjá börnunum og að þannig næðist ekki nægjanleg samfella í námi og starfi.

Í frístundaheimilum sem starfrækt eru af frístundamiðstöðvum hefur í einhverjum tilfellum reynst erfitt að nýta mötuneyti grunnskólans fyrir síðdegishressingu og þarf frístundaheimilið þá oft að vera með sér eldhús.

Tillögur starfshóps:

- Í hverju skólahverfi fari stjórnendur skóla, forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva og deildarstjórar/framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar yfir sameiginlega sýn og grunngildi sem skóla- og frístundastarfið byggir á, umgengni og hegðun í umhverfinu og ákveði hvað á að vera samræmt og hvað ekki.
- Mötuneytisþjónusta SFS rýni í síðdegishressingu frístundaheimilanna og skoða hvort ekki sé hægt að nýta mötuneyti grunnskólanna betur fyrir frístundaheimilin með gæði að leiðarljósi.

Frístundaheimili rekin af grunnskólum

Að tillögu starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila (febrúar 2011), samþykkti borgarstjórn m.a. að sameina yfirstjórn skóla- og frístundastarfs í nokkrum skólum borgarinnar. Þetta var gert m.a. í þeim tilgangi að stuðla að meiri samfellu í starfi og leik ungra barna undir yfirskriftinni *Dagur barnsins*. Þeir fimm grunnskólar sem starfrækja frístundaheimili eru Ártúnsskóli, Dalskóli, Klébergsskóli, Fellaskóli og Norðlingaskóli. Þessir starfsstaðir eru mjög ólíkir og mismunandi forsendur fyrir því af hverju frístundaheimilið er rekið af grunnskólanum. Ártúnsskóli, Dalskóli og Klébergsskóli eru frekar litlir skólar og þar er þetta rekstrarfyrirkomulag komið til að vera. Í Fellaskóla og Norðlingaskóla er hins vegar um tilraunaverkefni að ræða. Í Fellaskóla, sem hefur hæsta hlutfall barna með annað móðurmál en íslensku af öllum skólum í Reykjavík, eru börnin í gjaldfrjálsu skóla- og frístundastarfi til kl. 15:40. Foreldrar geta svo keypt dvöl á frístundaheimilinu til kl. 17:15 fyrir helmingi lægra verð heldur en almenn gjaldskrá frístundaheimila segir til um. Í Norðlingaskóla hefur frá október 2011 verið unnið að samþættingu skóla- og frístundastarfs í anda verkefnisins „Dagur barnsins“ sem gekk út frá því að fella frístundastarf inn í hefðbundinn skóladag yngstu nemenda. Frá 30. janúar 2012 lengdist stundatafla nemenda um 40 mínútur á dag, þ.e. að stundaskrá þeirra var til kl. 14 alla daga. Veturinn 2015-2016 breyttist þetta aftur þannig að stundaskrá þeirra lýkur kl. 13:30.

Samkvæmt ytra mati á Ártúnsskóla, Dalskóla og Fellaskóla á vorönn 2015 er um nokkuð hefðbundið frístundastarf að ræða í þessum skólum. Einna best hefur tekist upp við frístundastarfið í Dalskóla, en þar eru gæði starfsins mest skv. ytra matinu. Þar er stundatafla yngstu barnanna til kl. 14 og tvisvar í viku er frístundastarf fyrir hvern árgang (1.-4. bekk) inni í stundatöflu (fyrir kl. 14). Mögulega hefur það áhrif að frístundaheimilið hefur verið rekið af grunnskólanum frá stofnun Dalskóla.

Af þessu má sjá að útfærsla grunnskólanna á því verkefni að auka samfellu í degi barnsins er mjög mismunandi milli þessara skóla sem reka frístundaheimili og ef tilraunaverkefnið í Norðlingaskóla og Fellaskóla eiga að halda áfram þarf að skilgreina þau betur.

Í könnun TOR sögðu stjórnendur að helstu kostirnir við að grunnskólar starfræki frístundaheimili væru nánara samstarf um börnin, samnýting á starfsfólki og meiri samfella í skóla- og frístundastarfi fyrir börnin. Það að tvær fagstéttir vinni saman auki víddirnar í starfinu og að formlegt og óformlegt nám fléttist saman. Þeir nefndu einnig samlegðaráhrif í rekstri, einfaldara skipulag og einn starfsmannahóp. Þeir sögðu líka að það að sami aðili þjónusti nemendur allan daginn komi sér sérstaklega vel fyrir nemendur sem þurfa mikið aðhald og þola illa rót. Einnig ýti það undir myndun tengsla nemenda við fullorðna aðila að hafa þá sér við hlið allan daginn. Gallarnir sem stjórnendur nefndu við þetta rekstarfyrirkomulag eru hætta á því að frístundafagið dali, erfitt getur verið að skipuleggja starfsmannafundi og starfsdaga og þyngra er að koma á samstarfi við önnur frístundaheimili hverfisins. Forstöðumenn frístundaheimila sem eru rekin af skólum nefndu einnig að þeir hefðu ekki skýran fjárhagsramma.

Úthlutun fjármagns til þeirra fimm grunnskóla/frístundaheimila sem hafa unnið að samfelldum degi barna hefur verið með ýmsu móti.

Viðbótarkostnaður vegna fyrirkomulagsins í Fellaskóla er kr. 10,7 milljónir á árinu 2015. Þessi viðbótarkostnaður er til kominn þar sem öll börnin í 1. og 2. bekk eru í gjaldfrjálsu skóla- og frístundastarfi til kl. 15:40. Haustið 2015 voru 75 börn í 1. og 2. bekk í Fellaskóla, þar af voru 29 börn skráð í frístundaheimilið Vínafell eftir kl. 15:40. Viðbótarkostnaður á árinu er því um 142.667 kr. á barn.

Frístundaheimilið Kátakot við Klébergsskóla hefur ekki fengið úthlutað fjármagni umfram það sem önnur frístundaheimili fá. Klébergsskóli er fámennur skóli og kostnaður á hvert barn mjög hár. Í Klébergsskóla eru 33 börn í 1.-4. bekk, þar af eru 20 börn skráð á frístundaheimilið Kátakot.

Viðbótarkostnaður við að setja frístundastarf inn í stundatöflu 1.-4. bekkjar í Dalskóla árið 2015 er kr. 1.180 þús. Fjöldi barna í 1.-4. bekk haustið 2015 var 73, þar af voru 56 börn skráð á frístundaheimilið Úlfabyggð. Viðbótarkostnaður á árinu er því um 16.164 kr. á barn.

Viðbótarkostnaður við verkefnið í Norðlingaskóla árið 2015 er kr. 5.830 þús. Fjöldi barna í 1.-4. bekk þar haustið 2015 var 284, þar af voru 188 börn skráð á frístundaheimilið Klapparholt. Viðbótarkostnaður á árinu er því um 20.528 kr. á barn.

Viðbótarkostnaður við verkefnið í Ártúnsskóla árið 2015 er kr. 752 þús. Fjöldi barna í 1.-4. bekk þar haustið 2015 var 120, þar af voru 96 börn skráð á frístundaheimilið Skólasel. Viðbótarkostnaður á árinu er því um 6.267 kr. á barn.

Ekki er búið að úthluta fjármagni til Dalskóla, Norðlingaskóla og Ártúnsskóla fyrir árið 2016.

Tillaga starfshóps:

- Skilgreint verði betur hvað átt er við með aukinni samfellu í degi barnsins innan grunnskólanna og hvaða fjármagn fylgir með þessum verkefnum. Æskilegt væri að meta verkefnin betur fjárhagslega og faglega. Út frá því verði tekin ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag frístundaheimila í borginni.
- Ef skólarnir fimm eiga að reka frístundaheimilin áfram á grundvelli verkefnisins *Dagur barnsins* þar sem frístundastarfið kemur inn í stundatöflu nemenda veturinn 2016-2017, þarf að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun eða þeim gert að halda sig innan ramma frístundaheimilisins og skólans.

Viðbótarstundin

Í könnuninni sem TOR lagði fyrir stjórnendur grunnskóla og frístundaheimila nefndu sumir vandamál tengd því þegar börn klára skóladaginn og fara yfir á frístundaheimili. Haustið 2009 var tekin af viðbótarkennslustund fyrir börn í 2.-4. bekk sem bætt hafði verið við en var ekki lögbundin. Vegna þessa styttest skóladagur nemenda í 2.-4. bekk um 40 mínútur. Áður en þessi stund var tekin af komu börn úr 1. bekk á frístundaheimilin kl. 13:30 og börn í 2.-4. bekk kl. 14:10. Finna þurfti lausn til að mæta þessu 40 mínútna gati sem myndaðist hjá þeim

börnum í 2.-4. bekk sem voru skráð á frístundaheimili eftir skóla. Niðurstaðan varð að börnin koma 20 mínútum fyrir á frístundaheimilin en skólinn sér um hinar 20 mínúturnar. Börn í 2.-4. bekk mæta því kl. 13:50 á frístundaheimilin í stað 14:10 og 1. bekkur kl. 13:30 eins og áður (sjá hér [Minnisblað um viðbótarstund](#)). Vandamálið við þetta fyrirkomulag er að í sumum tilfellum hafa þær 20 mínútur sem þau eru lengur í skólanum orðið að einhvers konar biðtíma. Í mörgum skólum og frístundaheimilum hefur verið gert samkomulag um að allir bekkirnir mæti kl. 13:40.

Tillaga starfshóps:

- Viðbótarstundin milli skólatíma og frístundaheimilatíma verði leyst þannig að frístundaheimilin taki við öllum börnum kl. 13:40.

Annað frístundastarf á starfstíma frístundaheimila

Skv. foreldrakönnun frístundaheimila sem gerð var á vorönn 2015 sækja 85% barna á frístundaheimilum annað frístundastarf en frístundaheimili. Það hlutfall er hæst í Vesturbæ (88%) og lægst í Breiðholti (75%). 87% foreldra finnst ganga vel að samræma dvöl barns síns á frístundaheimilinu við annað skipulagt frístundastarf. Það hlutfall er hæst í Breiðholti (93%) en lægst í Grafarvogi (80,5%), sem er eina hverfið þar sem enginn frístundaakstur er í boði. Samkvæmt könnuninni nýta 31% barna á frístundaheimilum frístundaakstur, mest í Miðborg/Hlíðum (44%) og Árbæ (41%) og í þessum hverfum er ánægjan með aksturinn líka mest. Foreldrar voru spurðir hversu miklu eða litlu máli þeim finnst skipta að börnin þeirra fái að borða, hvílast og fái fylgd eða aðra hjálp við að komast á milli staða áður en þau fara í annað frístundastarf. Af þessu þrennu finnst foreldrum mikilvægast að börnin fái að borða, næst mikilvægast að þau fái fylgd eða aðra hjálp við að komast á milli staða og minnst mikilvægt að þau fái að hvílast (64%).

Verið er að vinna að breytingum á skráningarkerfi frístundaheimilanna þannig að með tilkomu nýja kerfisins, sem kallað er Vala-Frístund, haustið 2015 er hægt að skrá hvaða börn eru að fara í annað frístundastarf á starfstíma frístundaheimilanna, klukkan hvað, hvernig, hvert og hvort þau komi aftur í frístundaheimili þann daginn. Fram til þessa hefur skráningarkerfið ekki náð utan um þetta heldur hefur þetta verið skráð utan við kerfið á hverjum stað fyrir sig.

Samstarf á milli frístundaheimila og íþróttafélaga er að aukast. Hjá KR, ÍR, Víking og Val er aðstaða fyrir útibú frístundaheimilis þar sem starfmaður frístundaheimilis kemur með krökkunum í frístundavagninum og er með uppbyggilegt frístundastarf þar til æfingarnar byrja og eftir að þeim lýkur. Þetta fyrirkomulag hefur einnig orðið til þess að börnin prófa fleiri íþróttagreinar. Aðgengi að íþróttaaðstöðunni getur hindrað það að félögin geti boðið upp á æfingar strax að skóladegi loknum. Frístundaakstur félaganna hefur jafnað aðgengi iðkenda að íþróttastarfi en staðsetning íþróttamannvirkja getur gert félögunum erfitt fyrir að færa æfingar fyrir á daginn.

Takmarkandi þættir þess að ná samfelldum degi eru m.a. aðstaðan, því yfirfullt er í langflestum íþróttamannvirkjum á þeim tíma sem börn og unglingar þurfa helst að stunda æfingar.

Annað frístundastarf sem fram fer í húsnæði nálægt eða jafnvel í húsnæði frístundaheimilis fellur oft mjög vel að starfsemi frístundaheimila, s.s. dans og Lego námskeið.

Tillaga starfshóps:

- Leitast verði við að samræma æfingatíma frjálsu félaganna fyrir börn í 1.-4. bekk við starfsemi frístundaheimilanna í hverju hverfi fyrir sig.
- Auka þarf framboð á tómstundastarfi tengdu skapandi listastarfi fyrir börn og unglinga, sérstaklega í úthverfunum.

Sumarstarf

Undanfarin sumur hafa um 24 af 40 frístundaheimilum boðið upp á sumarstarf allan daginn og geta foreldrar skráð börn sín á viku í senn. Öll frístundaheimilin hafa þó lokað í a.m.k. 4 vikur yfir hásumarið. Frjálsu félögin bjóða síðan upp á ýmiss konar námskeið sem auglýst eru á vefnum www.fristund.is eins og starfsemi frístundaheimilanna.

Í þeim hverfum sem frístundaheimili bjóða upp á sumarstarf geta foreldrar fengið heils dags þjónustu og börnin hitta í flestum tilfellum sama starfsfólkið og í vetrarstarfinu. Slík þjónusta er ekki í boði í öllum skólahverfum. Íþróttæfingar koma oft inn í miðjan daginn á sumrin en frístundaakstur er ekki í boði. Bæta þyrfti samstarf frístundaheimila og frjálsu félaganna á sumrin. Námskeið sem frjálsu félögin bjóða upp á á sumrin eru líka oft hálf dags námskeið og því þyrftu frístundaheimilin jafnvel að geta boðið hálfan daginn á móti þegar svo ber við.

Í dag þurfa foreldrar að skrá börn sín í þjónustu frístundaheimila á hverju ári, þ.e. fyrir skólabyrjun, og gildir sá samningur til skólaloka ár hvert. Síðan sækja þeir um sumarþjónustu eftir þörfum. Margir foreldrar telja betra að hafa sama háttinn á og í leikskólanum, þ.e. að sækja um þjónustu og segja henni svo upp þannig að barn gæti verið skráð inn í frístundaheimili að hausti þegar það er 6 ára og þjónustunni síðan sagt upp í lok annar þegar barnið er komið í 4. bekk. Barnið væri þá skráð í þjónustu allt árið um kring fyrir utan 4 vikna sumarfrí ár hvert.

Verð fyrir 8 stundir á dag í sumarfrístund frístundaheimilanna er nú kr. 43.760 á mánuði en fyrir sambærilega þjónustu, þ.e. fyrir 8 stundir á dag í leikskóla, er verðið kr. 16.940 á mánuði. Kostnaður vegna matar er ekki inni í þessu verði. Kostnaður sem fellur á foreldra vegna sumarfrístundar er of hár og hann verður að endurskoða.

Tillögur starfshóps:

- Leitast verði við að minnka skilin milli vetrar- og sumarþjónustu frístundaheimila, t.d. þannig að börn verði skráð á frístundaheimili áður en þau byrja í fyrsta bekk og svo segi foreldrar upp þegar þau hætta. Æskilegt er að opið sé á öllum frístundaheimilum yfir sumartímann (fyrir utan fjögurra vikna sumarfrí).
- Gerð verði tilraun í einu hverfi þar sem leitast verði við að samþætta betur sumarstarf frístundaheimila og frjálsu félaganna í hverfinu.
- Grunnþjónusta frístundaheimila á sumrin verði 8 klst. í stað 7 klst. og hægt verði að kaupa að auki hálf tíma fyrir og eftir, ef þörf er á.
- Gjaldskrá vegna leikskóla og sumarfrístundar verði samræmd.

Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar eru með opið fyrir 13-16 ára ungmenni tvö til þrjú kvöld í viku, ásamt dagopnun og viðveru frístundaráðgjafa félagsmiðstöðva í grunnskólum. Sértekið félagsmiðstöðvastarf (frístundaklúbbar) eru á þremur stöðum í borginni fyrir 10-16 ára börn og unglunga með fötlun frá því að skóladegi lýkur og í skólafríum til kl. 17:15. Starfsemi þessara starfseininga er samþætt eins og hægt er við annað félagsmiðstöðvastarf.

Í könnun TOR sögðu margir skólastjórar samstarfið við félagsmiðstöð vera gott. Margir nefndu reglulega samráðsfundi með forstöðumönnum félagsmiðstöðva, s.s. nemendaverndarráðsfundi, auk óformlegri samskipta.

Ákveðnir þættir í félagsmiðstöðvastarfi hafa dregist saman, s.s. sértekið hópastarf og opnunartími er styttri.

Samvinna íþróttafélaga og félagsmiðstöðva hefur aukist jafnt og þétt. Sú samvinna hefur m.a. skilað sér í að börnum hefur gefist kostur á auknum fjölbreytileika í íþrótta- og tómstundastarfi þar sem áhersla er frekar lögð á þátttöku í stað fullrar iðkunar. Reynslan af þessu hefur einhverra hluta vegna ekki verið alveg nógu góð, enda hafa þessi verkefni (Ársel og Miðberg í samstarfi við Fylki og ÍR) fallið niður. Íþróttafélögin hafa þó í auknum mæli boðið börnum og ungmennum að stýra sinni þátttöku eftir áhuga þar sem að minni áhersla er lögð á keppni. Þess konar fyrirkomulag hefur gefið góða raun í einstaklingsgreinum á meðan erfiðara er að stýra og halda utan um einstaklinga í hópíþróttunum þar sem að fjöldinn er meiri. Í barna- og unglingastefnu ÍSÍ er kveðið á um að félögin bjóði upp á tvær leiðir þannig að einstaklingar finni eitthvað við sitt hæfi. Það virðist þó taka tíma að breyta þessu enda snúast íþróttir um æfingar og keppni.

Félagsmiðstöðvarnar hafa lítið fjármagn í starf fyrir 10-12 ára og geta ekki boðið upp á þá þjónustu sem þeim finnst þurfa fyrir þennan aldurshóp. Að meðaltali er ein opnun á viku í 2 klst. fyrir þennan aldurshóp.

Undanfarin sumur hafa félagsmiðstöðvarnar boðið upp á smiðjur fyrir 10-12 ára börn í júní og fram í júlí. Foreldrar skrá börnin á hverja smiðju fyrir sig en þær geta verið ýmist hálfan daginn eða allan daginn. Frjálsu félögin bjóða síðan upp á ýmiss konar námskeið sem auglýst eru á vefnum www.fristund.is eins og starfsemi félagsmiðstöðvanna. 10-12 ára aldurshópnum er í raun betur sinnt af félagsmiðstöðvunum á sumrin heldur en á veturna. Samkvæmt niðurstöðum könnunar Rannsóknar og greiningar 2015 sækja fleiri stelpur á aldrinum 10-12 ára námskeið á sumrin heldur en strákar.

Síðastliðin ár hafa félagsmiðstöðvar í Reykjavík gert samkomulag við Vinnuskóla Reykjavíkur varðandi félagsmiðstöðvahópa sem félagsmiðstöðvarnar starfrækja á sumrin fyrir unglinga sem sýna félagslega óvirkni/einangrun án sýnilegrar ástæðu eða sýna áhættu hegðun. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar ber ábyrgð á því að tengja viðkomandi ungling félagsmiðstöðvastarf í heimahverfi hans eftir sumarið og fylgja honum eftir inn í vetrarstarf félagsmiðstöðvanna eða annað skipulagt tómstundastarf. Samkomulagið gerir það einnig mögulegt að sama starfsfólk SFS/félagsmiðstöðvanna starfi með unglingunum allt árið.

Auk samstarfs við Vinnuskólann á sumrin eru félagsmiðstöðvarnar með starfsemi í júní, að vísu mjög takmarkaða, s.s. opin hús o.fl. en framboðið á þjónustu þyrfti að vera mun meira þar sem sumarleyfi unglinga í 9. og 10. bekk er allt að 10 vikur og Vinnuskólinn eingöngu starfræktur í 3 vikur af þessum 10. Unglingar í 8. bekk hafa ekki fengið vinnu í Vinnuskólanum s.l. 3 ár og eru því í sumarfríi frá skóla í 10 vikur sem er ansi langur tími, sérstaklega ef þau eru ekki að sinna neinum áhugamálum eða skipulögðu frístundastarfi. Starfshópurinn vinnur nú að framtíðarsýn Vinnuskólans sem í sitja fulltrúar frá SFS.

Tillaga starfshóps:

- Leitast verði við að samræma æfingatíma frjálsu félaganna fyrir börn og unglinga í 5.-10. bekk og félagsmiðstöðvaopnun í hverju hverfi fyrir sig.
- Efla starfsemi félagsmiðstöðvanna fyrir 10-12 ára aldurinn með auknu fjármagni, stefnumótun og fræðslu til starfsfólks.
- Þetta enn betur samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs við Vinnuskólann vegna unglinga í vanda.
- Kortleggja sumartilboð fyrir unglinga og hvað þau hafa fyrir stafni.
- Efla starfsemi félagsmiðstöðva fyrir 13-16 ára aldurinn með auknu fjármagni, stefnumótun og fræðslu til starfsfólks.

Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi

Samkvæmt Frístundakortinu taka um 92 % 6-9 ára barna, um 88% 10-12 ára barna og 78% 13-15 ára barna þátt í skipulegri starfsemi félaganna í borginni. Myndir 1-3 sýna skiptingu eftir pósthverfum. Nokkuð er um að Frístundakortinu sé ráðstafað til fleiri en einnar frístundagreinar sem skýrir hvers vegna hlutfall þeirra sem ráðstafa Frístundakortinu er í sumum tilfellum nokkru hærra en hlutfall þátttöku. Um 18% 6-9 ára barna nýta Frístundakortið til að greiða fyrir frístundaheimili. Þrír af hverjum fjórum í aldurshópnum 6-9

ára eru skráðir í starfsemi íþróttafélaga innan Frístundakortsins og um þriðjungur tekur þátt í lista- og menningarstarfsemi.

Um 74% 10-12 ára barna taka þátt í starfsemi íþróttafélaga, af þeim eru 79% strákar og 67% stelpur. Í könnun Rannsókna og greininga (R&G) 2015 í þessum aldurshópi kemur fram að 57% stráka og 51% stelpna í 7. bekk æfa fjórum sinnum í viku eða oftar með íþróttafélagi. Hlutfall þeirra í sama árgangi sem æfa þrisvar sinnum í viku er nokkru lægra, eða 25% meðal stráka og 29% meðal stelpna. Niðurstöður R&G gefa til kynna að eftir því sem börn æfa íþróttir oftar í viku séu þau minna einmana.

Þátttaka 13-15 ára hópsins í skipulegu starfi félaga er heldur minni en þátttaka 10-12 ára aldurshópsins. Skv. gögnum úr Frístundakorti borgarinnar þá halda unglingar áfram að vera virkir í öðru starfi þó svo að brottfall úr íþróttum aukist. Hafa ber í huga að þátttaka í starfsemi félagsmiðstöðva kemur ekki fram í gögnum Frístundakortsins. Niðurstöður R&G (frá 2011 fyrir 10-12 ára og frá 2012 fyrir 13-15 ára) gefa til kynna að ástæður brottfalls eru margar en þær helstu eru að þau missa áhugann, tímaskortur, vinir hætta og vegna kostnaðar.


Ítrekaðar kannanir R&G á ánægju iðkenda í íþróttastarfi sýna fram á gildi og gæði starfsins þar sem að um og yfir 90% iðkenda eru ánægðir. Ekki má þó líta framhjá þeirri staðreynd að á þessum tíma verða æfingar fleiri og afreksmiðaðari. Í mörgum tilfellum býður íþróttaaðstaðan ekki upp á breyttar áherslur í æfingatímum þar sem að fjölgun æfingátíma er ekki í boði. Það er nógu erfitt að koma núverandi æfingum fyrir svo ekki sé talað um að bæta við öðrum æfingum. Þrátt fyrir að öllum iðkendum standi til boða að draga úr magni æfinga og finna sér annað hlutverk, t.d. dómgæslu eða að æfa en ekki keppa, þá virðist erfitt að stemma stigu við brottfallinu. Viðar Halldórsson, íþróttafélagsfræðingur, sem hefur verið ÍBR til halds og trausts í vinnu er lýtur að brottfalli úr íþróttastarfi talar um eðlilegt brottfall en það er þegar að ungmenni missa áhuga á íþróttastarfi og finna sér annað að gera. Íþróttapátttaka nær hámarki við 9 ára aldurinn og auðvitað væri best að það hlutfall héldist út ævina en svo er ekki. Á því eru eðlilegar skýringar, fólk missir áhugann á vissum tíma en kemur í mörgum tilfellum aftur inn í starfið sem sjálfboðaliðar með börnum sínum.

Íþróttahreyfingin í Reykjavík reynir eins og hún getur að styrkja sína starfsemi og þá skiptir miklu máli að missa ekki iðkendur úr starfinu. Félögin eru í flestum tilfellum opin fyrir nýjungum, s.s. íþróttaskóla, vali um að æfa og/eða keppa, flutningi frístundaheimila í aðstöðu þeirra (íþróttافرístund) og íþróttaval, sbr. samstarf Ársels og Fylkis. Íþróttagreinum/félögum hefur fjölgað jafnt og þétt í borginni, en nýjasta dæmið er íþróttafélagið Jaðar sem leggur áherslu á snjóþretti, parkour, hjólabretti og aðrar jaðargreinar. Vonir standa til að það félag mæti þörfum ákveðins hóps sem ekki hefur náð fótfestu í íþróttahreyfingunni.

Innan raða ÍBR eru rúmlega 70 félög þar sem að boðið er upp á rúmlega 30 íþróttagreinar. Flest eru rekin að stórum hluta af sjálfboðaliðum og framlag þeirra til æskulýðsstarfs er ómetanlegt (Þórólfur Þórlindsson og Viðar Halldórsson 2015 o.fl., *Íþróttir á Íslandi: Umfang og hagræn áhrif*).


Mynd 1:

Frístundakortið 2014 - Heildarþátttaka 6-9 ára




Mynd 2:

Frístundakortið 2014 - Heildarþátttaka 10-12 ára



Mynd 3:

Frístundakortið 2014 - Heildarþátttaka 13-15 ára



Þar sem ekki liggur fyrir fullnægjandi yfirsýn yfir allt íþróttta-, félags- og tómstundastarf í öllum hverfum, þá þarf að skerpa á því hver hefur það hlutverk að hafa heildarsýn yfir framboð tómstundastarfs í hverfum borgarinnar. Samkvæmt samningi ÍTR við Þjónustu- og rekstrarsvið frá árinu 2005 eiga frístundaráðgjafar á þjónustumiðstöðvum að hafa þetta hlutverk. Með Frístundakortskerfinu er hægt að sjá hverju börnin eru að taka þátt í eftir hverfum (póstnúmerum) en það þarf að bæta upplýsingaöflun um tímasetningar og staðsetningar á frístundatilboðum í hverfum borgarinnar til þess að vita hvernig við getum bætt samfellu í degi barna og unglunga.

Tillögur starfshóps:

- Verkefnastjórar forvarna og félagsauðs í þjónustumiðstöðvum fái það skilgreinda hlutverk að safna upplýsingum um frístundatilboð í hverfinu og miðli þeim upplýsingum til foreldra.
- Gerð verði tilraun í einum grunnskóla þar sem spurt verður út í frístundastarf í foreldraviðtali og foreldrum bent á vefinn www.fristund.is. Valinn verði grunnskóli þar sem þátttaka í frístundastarfi er lítil.
- Starfshópurinn leggur til að íþróttafélögin verði hvött til að bjóða upp á fjölbreyttari íþróttaiðkun fyrr á daginn fyrir 6-9 ára þar sem börnum stæðu fleiri íþróttagreinar til boða sem myndi draga úr brottfalli til framtíðar, sbr. rannsóknir.

Börn sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning

Börn sem þurfa stuðning við að taka þátt í skipulögðu frístundastarfi hafa oft ekki eins mikið val og önnur börn.

Börn einstæðra mæðra taka síður þátt í félags-, tómstunda- og íþróttastarfi en önnur börn (sbr. rannsóknina *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*, 2011). Einnig kemur fram í sömu rannsókn að börn foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð taka síður þátt og foreldrar sem þiggja fjárhagsaðstoð taka minni þátt í foreldrastarfi skóla. Rannsóknin sýndi jafnframt fram á að hlutfall foreldra sem eiga börn með námsörðugleika, hegðunarröskun, langvarandi sjúkdóm eða fötlun, er hærra meðal foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð eða eru á atvinnuleysisbótum heldur en meðal foreldra í launaðri vinnu. Í skýrslunni *Tækifæri barna til frístundastarfs – tillögur að úrbótum* (2013) sem unnin var út frá þessari rannsókn, er bent á athyglisverðar leiðir sem aðrar Norðurlandþjóðir hafa þróað til að styðja við félagasamtök sem veita þjónustu fyrir börn með sérþarfir. Sjá eftirfarandi vefsíður: www.rummelighed.dk/om-projektet www.fritidsmedbistand.no/saker-til-forsiden-/fritidsguider.aspx www.stockholm.se/fritidforalla

Tillögur starfshóps:

- Styðja betur við börn og unglinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning til að taka þátt í frístundastarfi hjá frjálsum félögum og starfi félagsmiðstöðvanna. Stuðningurinn fylgi barninu hvert sem það fer, hvort sem er að sumri eða vetri.

Starfsmannamál

Menntunarstig fólks sem vinnur með börnum og unglingum í skóla- og frístundastarfi hefur verið að hækka. Þeim fjölgar stöðugt sem útskrifast úr tólstunda- og félagsmálafræði og þessir einstaklingar hafa verið að koma til starfa í frístundaheimili og í félagsmiðstöðvar. Einnig hefur menntuðum þjálfurum fjölgað hjá íþróttafélögunum, þó svo að skortur sé á menntuðum þjálfurum í ákveðnum íþróttagreinum enda starfið að stórum hluta unnið í sjálfboðastarfi.

Jafnframt má geta þess að búin hafa verið til Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs SFS. Þau verða nýtt bæði í innra mat frístundaheimila og félagsmiðstöðva auk þess sem reglulega verður framkvæmt ytra mat á þessum starfsstöðum líkt og gert hefur verið í grunnskólum og leikskólum.

Samráðningum grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva hefur verið að fjölga þannig að starfsfólk sem hefur menntað sig til starfa með börnum og unglingum getur fengið fullt starf með því að blanda saman starfi í grunnskóla og frístundaheimili/félagsmiðstöð eða í frístundaheimili og í félagsmiðstöð. Í könnun TOR til stjórnenda frístundaheimila og grunnskóla kom fram að erfitt geti verið að skipuleggja starfsmannafundi, starfsdaga og samvinnu við frístundamiðstöð þar sem sama starfsfólk sinnir störfum í grunnskóla og frístundaheimili. Í þessum störfum þarf að vera svigrúm til að starfsmenn komist á starfsmannafundi og fræðslu sem í boði eru fyrir starf á báðum stöðum. Einnig þarf að bæta ráðningarforsendur starfsfólks í frístundastarfi þannig að hægt sé að bjóða fleirum heilsársstörf. Í því tilliti þarf einnig að skoða samstarf við Vinnuskólann. Í þessu tilliti þarf að horfa sérstaklega til frístundaráðgjafa, annarra en stjórnenda.

Starfsemi íþróttafélaganna er enn borin uppi af sjálfboðaliðastarfi, sérstaklega í tilfelli fámennari íþróttagreina, þar sem að þjálfarar taka lág laun eða engin fyrir sína vinnu. Það getur því verið erfitt að koma æfingum fyrir þegar að stór hluti þeirra sem eru að þjálfa hafa ekki lokið hefðbundnum vinnudegi (Þórdís Gísladóttir 2006, *Hagrænt gildi íþróttar í íslensku nútímasamfélagi*).

Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva eru fastráðnir þannig að börnin hitta þá bæði í sumar og vetrarstarfi.

Tillögur starfshóps:

- Mannauðsþjónusta SFS rýni ráðningarforsendur starfsfólks sem er samráðið af grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og búi til heildstæð störf fyrir þá sem vinna hjá SFS bæði í skóla- og frístundastarfi. Mögulega gætu störfin heitið skóla- og frístundaráðgjafi/leiðbeinandi, með eða án stuðnings.

Áætlun um hvernig megi flétta íþróttir, hreyfingu, listnám og fjölbreyttar tómstundir í auknu mæli inn í samfelldan dag barna

Í könnuninni sem TOR framkvæmdi fyrir starfshópinn voru skólastjórar og forstöðumenn frístundaheimila spurðir hvernig gengi að búa börnum og unglingum samfelldan og innihaldsríkan dag og hvað hafi áunnist á undanförunum árum. Skólastjórar sögðu almennt að þetta gengi vel, fjölbreytni í kennsluháttum hafi aukist sem og samþætting námsgreina, flestir nemendur í 1.-4. bekk fari í frístundaheimili strax eftir skóla og félagsmiðstöðvarnar séu í auknu mæli með opið á daginn fyrir 10-16 ára, jafnvel beint eftir skóla. 80% grunnskólastjóranna sögðu útivist vera fléttaða inn í daglegt skólastarf, s.s. gönguferðum, frjálsum leik og skipulögðum leikjum. Í svörum forstöðumanna frístundaheimila kom fram að mikið er um skipulagða hreyfingu í starfi frístundaheimilanna í hópastarfi og vali, auk þess sem starfsfólk sendir börn eða fylgir þeim á íþróttaæfingar. Í mörgum tilfellum hafa frístundaheimilin góðan aðgang að íþróttaölum skólanna. Þá bjóða frístundaheimilin upp á ýmsar lista- og tónlistarsmiðjur auk þess sem mörg börn eru send í tónlistar- og myndlistarnám á starfstíma frístundaheimilanna. Að auki er mikið um útivist í frístundastarfinu, börn eru send í kirkjustarf sem foreldrar hafa skráð þau í og sum börn fara í heimanámsaðstoð.

Ein af tillögunum sem hér hafa verið settar fram er að verkefnastjórar forvarna og félagsauðs í þjónustumiðstöðvum hverfanna hafi það hlutverk að safna upplýsingum um frístundatilboð í hverfinu í miðlægan gagnagrunn. Þeir taki þátt í kynningu á frístundastarfi, íþróttastarfi og tómstundatilboðum í hverfinu fyrir alla aldurshópa, t.d. í formi bæklinga, greinaskrifa, upplýsinga á heimasíðu og í almannatengslum í hverfinu og könnunum á þörfum notenda. Einnig rýni þeir stöðugt framboð á frístundastarfi í sínu hverfi með áherslu á fjölbreytni og samfellu í degi barna og unglinga og vinni með fulltrúum þeirra sem sinna frístundastarfi í hverfinu að því að samþætta og samhæfa tilboðin.

Menningarstofnanir, útivistarsvæði/miðstöðvar og ýmis frjáls félög bjóða upp á margs konar starf sem felur í sér hreyfingu, íþróttir, listnám og fjölbreyttar tómstundir fyrir börn og unglinga á starfstíma grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Tillögur starfshóps:

- Leitast verði við að tímasetningar fyrir æfingar og annað starf fyrir börn og unglinga séu ákveðnar með tilliti til aldurs og þroska barna, þannig að æfingar/starf komi ekki í veg fyrir nægilega hvíld og svefn.
- Leitast verði við að jafna framboð á frístundatilboðum í hverfum út frá kortlagningu verkefnastjóra forvarna og félagsauðs á þjónustumiðstöðvum, s.s. með styrkjum skóla- og frístundaráðs og íþrótta- og tómstundaráðs og skipulagningu á frístundastarfi frístundamiðstöðvanna.
- Skólastjórar verði hvattir til að hafa íþróttahúsin opin fyrir unglinga í frímínútum, þar sem því verði við komið.
- Skoðaðir verði möguleikar á að koma tilboðum um íþróttir, hreyfingu, listnám og fjölbreyttar tómstundir á einn vef sem ætlaður væri kennurum, frístundaráðgjöfum/leiðbeinendum, þjálfurum og foreldrafélögum. Þannig gæti fólk sem er að skipuleggja starf fyrir börn og unglinga séð á einfaldan hátt hvað er í boði. Fyrirmynd að slíkum vef er að finna í Danmörku, sjá: <http://aabenskole.kk.dk/>

Frístundaakstur

Starfshópnum var uppálagt að taka afstöðu til bestu leiða við frístundaakstur þar sem stefnt verði að því að nýta almennar strætisvagnaferðir (með þjálfun eða öðrum stuðningi) eftir því sem kostur er.

Reykjavíkurborg hefur styrkt hverfisíþróttafélögin í Reykjavík til að standa fyrir frístundaakstri frá frístundaheimilum á íþróttaæfingar fyrir samtals 10 milljónir á ári frá árinu 2010. Í minnisblaði nefndar um frístundaakstur sem samþykkt var að vinna eftir í íþrótta- og tómstundaráði árið 2010 segir:

Lagt er til að í þeim tilfellum sem íþróttaæfingar og æskulýðsstarf fyrir börn í 1. og 2. bekk eru fyrir kl. 16:30 á daginn og starfið er ekki í göngufæri fyrir börn frá frístundaheimilum, sjái viðkomandi félag um að flytja börnin á æfinguna/í starfið. Lagt er til að aksturinn standi öllum börnum á þessum aldri til boða, án tillits til þess hvort þau eru á frístundaheimilum eða ekki. Um væri að ræða aðra leiðina, en foreldrar myndu sækja börnin á æfinguna/í starfið.

Hægt verði að sækja um styrk fyrir slíkum akstri til ÍTR/ÍBR. Þar sem að öll börn eiga jafnan rétt á þátttöku í tómstundum og samgöngurnar misgóðar þá verður hvert og eitt hverfi metið sérstaklega. Mögulegt verði að sækja um fyrir hluta kostnaðar. Alla jafna geta félögin óskað eftir að foreldrar greiði það sem samsvarar strætókostnaði fyrir farið. Aksturinn mætti nýta fyrir börn í 3. og 4. bekk ef tíminn hentar og ef pláss er í rútunni. Annars er gert ráð fyrir að börn í 3.

bekk og eldri verði þjálfuð í því að taka strætó. Íþrótta- og æskulýðsfélögum verði uppálagt að stilla æfingatíma með tilliti til strætó.

Skv. upplýsingum frá ÍBR dugði styrkurinn að meðaltali fyrir 2/3 af raunkostnaði við aksturinn í upphafi en nú árið 2015 dugir hann einungis fyrir 1/3 af kostnaði.

Öll hverfisíþróttafélögin í Reykjavík bjóða nú upp á frístundaakstur nema Fjölnir í Grafarvogi en forsvarsmenn félagsins telja sig ekki geta boðið upp á akstur fyrir þann styrk sem í boði er frá borginni.

Skv. foreldrakönnun frístundaheimilanna frá vorönn 2015 nýta 31% barna á frístundaheimilum borgarinnar sér frístundaakstur íþróttafélaganna. 26% foreldra segjast ánægðir með þá þjónustu og 5% segjast óánægðir.

Í einhverjum tilfellum fylgja starfsmenn frá frístundaheimili með í rútuna, en í öðrum tilfellum nær fylgdin aðeins að rútunni og svo eru þau ein í rútunni með bílstjóra.

Hjá Víkingi, KR og ÍR/Leikni fara frístundaleiðbeinendur frá frístundaheimilunum með öll börn sem fara á íþróttaæfingar hjá íþróttafélagunum og eru með frístundastarf í aðstöðu félaganna fyrir og/eða eftir æfingar.

Í töflu 2 er yfirlit yfir fjölda þeirra sem voru skráðir í frístundaakstur hjá íþróttafélagunum vorið 2015, hvernig skráning fer fram og hvort foreldrar greiði fyrir þjónustuna. Börn fædd 2005 voru þá í 4. bekk og börn fædd 2008 í 1. bekk. Nóra er það kerfi sem flest íþróttafélögin nota til að halda utan um skráningar og í töflunni kemur fram hvaða félög nota þetta kerfi til að halda utan um skráninguna.

Tafla 2:

	2005	2006	2007	2008	Samtals	Skráning	Greiðsla
KR	0	0	65	65	130	skráð á frístundaheimili	Nei
Valur	35	36	60	35	166	námskeið í Nóra	Já
Fram	5	59	34	25	123	skráð á frístundaheimili	Nei
Víkingur	2	30	21	11	64	skráð á frístundaheimili	Nei
Ármann	3	2	37	17	59	námskeið í Nóra	Já
Þróttur	2	3	36	55	96	námskeið í Nóra	Já
Fylkir	29	65	74	72	240	haka við Nóri	Nei
ÍR	13	17	24	26	80	skráð á frístundaheimili	Nei
	89	212	351	306	958		

Frístundaakstur hefur gefist vel til að bæta aðgengið og merkjanleg aukning hefur orðið á þátttöku. Að auki hefur hann leitt til jafnari þátttöku milli íþróttagreina, aukinnar samfellu í degi barnanna og betri nýtingu á mannvirkjum. Því lengra sem börn búa frá íþróttaaðstöðu því síður taka þau þátt skv. könnunum ÍBR. Stórar umferðaræðar hafa líka neikvæð áhrif (sjá [skýrslu um frístundaakstur 2013](#)).

Frístundaakstur er ekki í boði fyrir annað frístundastarf heldur en íþróttir hverfisíþróttafélaganna. Þar sem þessi félög eru með lang stærstu barnahópana sem sækja starfið og fjármagnið af mjög skorum skammti telur hópurinn ekki tímabært að bæta fleiri


félögum í aksturinn. Hins vegar má benda á að félög eins og Björninn og TBR hafa farið í samstarf við hverfisíþróttafélögin um aksturinn, þ.a. hann nýtist börnum sem eru að fara í starf til þeirra.

Fulltrúar starfshópsins fóru á fund með Strætó bs. 16. des 2015. Þar var meðal annars rætt um að vinna saman að stefnu um þjónustu strætós við börn og unglinga, að stoppistöðvar verði skoðaðar með tilliti til þarfa barna og frístundaakstur og strætóleiðir í Grafarvogi. Þá var einnig rætt um að fara í samvinnu um endurskoðun öryggisverkferils um strætóferðir í frístundastarfi og hvort það megi yfirfæra hann almennt á ferðir með barnahópa í strætó. Einnig var rætt um frístundaakstur fyrir 1. og 2. bekk og samvinnu um strætóþjálfun á frístundaheimilum fyrir börn í 3. og 4. bekk.

Í könnun R&G 2015 meðal 10-12 ára barna var spurt um ferðamáta barnanna þegar þau sóttu skipulegt frístundastarf. Tæp 40% svöruðu því til að þau færu gangandi, tæp 9% fóru á hjóli og 12,6% með strætó. Athyglisvert er að um 23% ferðast með einkabíl. Munur milli kynja er nokkur, þannig eru stelpur mun líklegri en strákar til að ferðast með strætó eða fá „skutl“ með einkabíl.

Mynd 4:


Hvernig ferðu oftast í íþrótt- og frístundastarf Reykjavík í heild – 5., 6. og 7. bekkur saman



Í könnun R&G er einnig spurt hversu langan tíma taki fyrir börnin að komast í sitt frístundastarf. Tæp 90% svöruðu því til að það tæki innan við 20 mínútur og einungis 3,6% að það tæki hálf tíma eða meira. Töluverður breytileiki kom fram milli hverfa borgarinnar bæði hvað varðar ferðamáta og ferðatíma. Einnig kemur kynjamunur fram með töluvert mismunandi hætti eftir hverfum.

Mynd 5:

Hvað tekur þig langan tíma að komast í það íþrótta- og frístundastarf sem þú stundar mest Reykjavík í heild – 5., 6. og 7. bekkur saman



Tillögur starfshóps:

- Styrkur borgarinnar til hverfisíþróttafélaganna vegna frístundaaksturs verði hækkaður, bæði til að koma til móts við aukinn kostnað félaganna sem þegar eru með akstur og til að gera Fjölni kleift að hefja akstur fyrir börn í Grafarvogi.
- Settar verði reglur um fylgd starfsfólks frístundaheimilanna í annað frístundastarf. Sérstaklega verði horft til barna sem njóta stuðnings og fylgdar stuðningsstarfsmanna í annað starf sem þau sækja á starfstíma frístundaheimilanna (sbr. sambærilegar reglur fyrir leikskóla).
- Frístundaakstur hefur ekki verið í boði á sumrin, en þá færast æfingar oft enn fyrir á daginn. Foreldrar þurfa því oft að skutla börnum um miðjan daginn á sumrin. Starfshópurinn leggur til að þetta verði sérstaklega skoðað í því hverfi sem mun fara í tilraun með að samræma betur starfsemi frístundaheimila og frjálsra félaga í hverfinu á sumrin.
- Farið verði í stefnumótunarvinnu með Strætó bs. varðandi þjónustu Strætós við börn og unglinga. Þar verði meðal annars horft til þess að stoppistöðvar séu á stöðum sem henti þörfum barna, s.s. við mannvirki þar sem börn sækja frístundastarf, öryggisverkferils um strætóferðir með barnahópa og strætóþjálfunar á frístundaheimilum.

Mat starfshópsins á því að eldri árgangar í grunnskólum hefji skóladaginn síðar á morgnana

Starfshópnum var gert að leggja mat á hugmyndir um að eldri árgangar í grunnskólum hefji skóladaginn síðar á morgnana og hvort slíkar útfærslur gætu nýst við að ná markmiði um samfelldan og innihaldsríkan skóladag.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir um skólabyrjun 1.-10. bekkja þá eru nú þegar 6-7 skólar sem að byrja daginn kl. 8:30 fyrir 8.-10. bekk (sjá fylgiskjal 2 um skólabyrjun og skólalok).

Niðurstöður Rannsóknar og greiningar (2015) benda til þess að hlutfall stráka sem eiga erfitt með að sofna eða sofa sé að aukast (24% í 5. bekk og 20% í 6. og 7. bekk), en hlutfall stelpna sem eiga erfitt með að sofa eða sofna helst óbreytt milli ára 2013-2015 (22%). Í sömu könnun kemur fram að strákar eyða mun meiri tíma í tölvuleiki heldur en stelpur í 5.-7. bekk.

Í nýlegri rannsókn Hrafnhildar Eirar R. Hermóðsdóttur kom fram að 97% íslenskra ungmenna fá ekki nægan svefn á virkum dögum, en þriðjungur þeirra sefur í sex klukkustundir eða minna á virkum dögum. Rannsóknin leiddi m.a. í ljós að sjö klukkustundir voru algengasti svefntími unglinga á virkum dögum og algengasti svefntíminn um helgar var níu tímar. Þetta átti við um bæði kynin, sjá:

http://www.mbl.is/fretir/innlent/2015/12/10/sofa_of_litid_og_verda_feitir/

Oft er lögð mikil áhersla á hreyfingu og mataræði en minni áhersla á svefninn. Fólk á það til að vanmeta gildi svefns og fórna honum fyrir aðrar athafnir og það getur komið niður á heilsu og líðan.

Við fyrstu athugun virðist það að byrja skóladaginn hálf tíma síðar fyrir eldri árganga vera æskileg þróun til að stuðla að vellíðan og námsgetu unglinga. Það að seinka deginum enn frekar þarfnast frekari umhugsunar, einnig með tilliti til frístundaiðkunar að degi loknum.

Skólastjórar voru spurðir í könnun TOR haust 2015 um kosti og galla þess að hefja skóladaginn síðar fyrir eldri árganga. Helstu kostirnir sem þeir töldu upp voru mögulega betri námsárangur, a.m.k. miðað við rannsóknir, að það dragi úr óheimilum fjarvistum í fyrsta tíma á morgnana og nemendur séu betur tilbúnir í skóladaginn, að nemendur ferðist þá í skólann í meiri birtu og að þeim líði betur. Einnig var nefnt að við þetta minnki umferð við skóla ef ekki eru allir að byrja á sama tíma. Í skóla þar sem allir byrja kl. 8:30 var nefnt að morgnarnir nýtist þá vel í örfundi starfsfólks.

Þeir gallar sem skólastjórar nefndu við að hefja skóladag síðar fyrir eldri árganga voru að það verður styttri tími fyrir krakkana milli skóla og kvöldmatar og skólatíminn fer að skarast við æfingátíma í íþróttum og öðru frístundastarfi. Unglingadeildirnar þurfa hvort sem er oft að vera með valgreinar fram eftir degi sem fara að skarast við æfingar og ef skólabyrjun væri seinkað yrði sá vandi enn meiri. Eldri nemendur geta þá ekki fylgt yngri systkinum í skólann og í úthverfum þurfa foreldrar að koma börnum snemma af stað til að ná að mæta á réttum tíma í vinnu. Einnig var það nefnt sem galli að seinkun á skólabyrjun gæti leitt til þess að

unglingarnir færu seinna að sofa. Einn nefndi að seinkun á skólabyrjun gæti sett skipulagið í mótuneyti aðeins úr skorðum. Þá var það nefnt að þetta gæti rýrt þann tíma sem starfsfólk hefur til fundahalda eftir að skóladegi barna lýkur.

Tillögur starfshóps:

- Samræmt verði innan hverfa hvenær eldri árgangar (unglingastig) byrja í skólanum á morgnana og hvenær þau klára skóladaginn. Þannig verður auðveldara að skipuleggja æfingatíma og annað frístundastarf innan hverfisins. Að öðru leyti telur starfshópurinn hvern skóla þurfa að meta þetta fyrir sig í samráði við foreldra, börn og samstarfsaðila í hverfum.
- Í grunnskólum verði leitast við að efla fræðslu til barna og unglunga um mikilvægi svefns.
- Foreldrafélög verði hvött til þess að ræða rafrænan útivistartíma barna til þess að börnin séu ekki í tölvum eða snjalltækjum langt fram eftir nóttu.

Áætlun starfshópsins um samfelldan dag barna 6-16 ára - Samantekt

Tillögur starfshópsins út frá kortlagningu á núverandi stöðu og hvað áunnist hefur á undanförunum árum við að búa börnum samfelldan og innihaldsríkan dag.

1. Í hverju skólahverfi fari stjórnendur skóla og forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva yfir sameiginlega sýn og grunngildi sem skóla- og frístundastarfið byggir á, umgengni og hegðun í umhverfinu og ákveði hvað á að vera samræmt og hvað ekki.
2. Mötuneytisþjónusta SFS rýni í síðdegishressingu frístundaheimila og skoði hvort ekki sé hægt að nýta mötuneyti grunnskóla betur fyrir frístundaheimilin með gæði að leiðarljósi.
3. Skilgreint verði betur hvað átt er við með aukinni samfellu í degi barnsins innan grunnskólanna og hvaða fjármagn fylgir með þessum verkefnum. Æskilegt væri að meta verkefnin betur fjárhagslega og faglega. Út frá því verði tekin ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag frístundaheimila í borginni.
4. Ef skólarnir fimm eiga að reka frístundaheimilin áfram á grundvelli verkefnisins *Dagur barnsins* þar sem frístundastarfið kemur inn í stundatöflu nemenda árið 2016, þarf að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun eða þeim gert að halda sig innan ramma frístundaheimilisins og skólans.
5. Viðbótarstundin milli skólatíma og frístundaheimilatíma verði leyst þannig að frístundaheimilin taki við öllum börnum kl. 13:40.
6. Leitast verði við að samræma æfingátíma frjálsu félaganna fyrir börn í 1.-4. bekk við starfsemi frístundaheimila í hverju hverfi fyrir sig.
7. Auka þarf framboð á tómstundastarfi tengdu skapandi listastarfi fyrir börn og unglinga, sérstaklega í úthverfum.
8. Leitast verði við að minnka skilin milli vetrar- og sumarþjónustu frístundaheimila, t.d. þannig að börn verði skráð á frístundaheimili áður en þau byrja í fyrsta bekk og svo segi foreldrar upp þegar þau hætta. Æskilegt er að opið sé á öllum frístundaheimilum yfir sumartímann (fyrir utan fjögurra vikna sumarfrí).
9. Gerð verði tilraun í einu hverfi þar sem leitast verði við að samþætta betur sumarstarf frístundaheimila og frjálsu félaganna í hverfinu.
10. Grunnþjónusta frístundaheimila á sumrin verði 8 klst. í stað 7 klst. og hægt verði að kaupa að auki hálf tíma fyrir og eftir, ef þörf er á.
11. Gjaldskrá fyrir leikskóla og sumarfrístund verði samræmd.
12. Leitast verði við að samræma æfingátíma frjálsu félaganna fyrir börn og unglinga í 5.-10. bekk og félagsmiðstöðvaopnun í hverju hverfi fyrir sig.
13. Efla starfsemi félagsmiðstöðva fyrir 10-12 ára aldurinn með auknu fjármagni, stefnumótun og fræðslu til starfsfólks.
14. Þetta enn betur samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs við Vinnuskólann vegna unglinga í vanda.
15. Kortleggja sumartilboð fyrir unglinga og hvað þau hafa fyrir stafni.
16. Efla starfsemi félagsmiðstöðva fyrir 13-16 ára aldurinn með auknu fjármagni, stefnumótun og fræðslu til starfsfólks.
17. Verkefnastjórar forvarna og félagsauðs í þjónustumiðstöðvum fái það skilgreinda hlutverk að safna upplýsingum um frístundatilboð í hverfinu og miðli þeim upplýsingum til foreldra.
18. Gerð verði tilraun í einum grunnskóla þar sem spurt verði út í frístundastarf í foreldraviðtali og foreldrum bent á vefinn www.fristund.is. Valinn verði grunnskóli þar sem þátttaka í frístundastarfi er lítil.
19. Starfshópurinn leggur til að íþróttafélögin verði hvött til að bjóða upp á fjölbreyttari íþróttaiðkun fyrr á daginn fyrir 6-9 ára, þar sem börnum stæðu fleiri íþróttagreinar til boða sem myndi draga úr brottfalli til framtíðar, sbr. rannsóknir.
20. Styðja betur við börn og unglinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning til að taka þátt í frístundastarfi hjá frjálsum félögum og starfi félagsmiðstöðvanna. Stuðningurinn fylgi barninu hvert sem það fer, hvort sem er að sumri eða vetri.
21. Mannauðsþjónusta SFS rýni ráðningarforsendur starfsfólks sem er samráðið af

grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og búi til heildstæð störf fyrir þá sem vinna hjá SFS bæði í skóla- og frístundastarfi. Mögulega gætu störfin heitið skóla- og frístundaráðgjafi/leiðbeinandi, með eða án stuðnings.

Tillögur starfshópsins varðandi þau fjölbreyttu tækifæri sem eru til útvistar og útináms, íþróttaiðkunar og listnáms um alla borg og áætlun um hvernig megi flétta íþróttir, hreyfingu, listnám og fjölbreyttar tómstundir inn í samfelldan dag barna.

1. Leitast verði við að tímasetningar fyrir æfingar og annað starf fyrir börn og unglinga séu ákveðnar með tilliti til aldurs og þroska barna, þannig að æfingar/starf komi ekki í veg fyrir nægilega hvíld og svefn.
2. Leitast verði við að jafna framboð á frístundatilboðum í hverfum út frá kortlagningu verkefnastjóra forvarna og félagsauðs á þjónustumiðstöðvum, s.s. með styrkjum skóla- og frístundaráðs og íþrótt- og tómstundaráðs og skipulagningu á frístundastarfi frístundamiðstöðvanna.
3. Skólastjórar verði hvattir til að hafa íþróttahúsin opin fyrir unglinga í frímínútum.
4. Skoðaðir verði möguleikar á að koma tilboðum um íþróttir, hreyfingu, listnám og fjölbreyttar tómstundir á einn vef sem ætlaður væri kennurum, frístundaráðgjöfum/leiðbeinendum, þjálfurum og foreldrafélögum. Þannig gæti fólk sem er að skipuleggja starf fyrir börn og unglinga séð á einfaldan hátt hvað er í boði. Fyrirmynd að slíkum vef er að finna í Danmörku, sjá: <http://aabenskoole.kk.dk/>

Tillögur starfshópsins varðandi bestu leiðir við frístundaakstur, þar sem stefnt verði að því að nýta megi almennar strætisvagnaferðir (með þjálfun eða öðrum stuðningi) eftir því sem kostur er.

1. Styrkur borgarinnar til hverfisíþróttafélaganna vegna frístundaaksturs verði hækkaður, bæði til að koma til móts við aukinn kostnað félaganna sem þegar eru með akstur og til að gera Fjölni kleift að hefja akstur fyrir börn í Grafarvogi.
2. Settar verði reglur um fylgd starfsfólks frístundaheimilanna í annað frístundastarf. Sérstaklega verði horft til barna sem njóta stuðnings og fylgd stuðningsstarfsmanna í annað starf sem þau sækja á starfstíma frístundaheimilanna (sbr. sambærilegar reglur fyrir leikskóla).
3. Frístundaakstur hefur ekki verið í boði á sumrin, en þá færast æfingar oft enn fyrr á daginn. Foreldrar þurfa því oft að skutla börnum um miðjan daginn á sumrin. Starfshópurinn leggur til að þetta verði sérstaklega skoðað í því hverfi sem mun fara í tilraun með að samræma betur starfsemi frístundaheimila og frjálsra félaga í hverfinu á sumrin.
4. Farið verði í stefnumótunarvinnu með Strætó bs. varðandi þjónustu Strætós við börn og unglinga. Þar verði meðal annars horft til þess að stoppistöðvar séu á stöðum sem henti þörfum barna, s.s. við mannvirki þar sem börn sækja frístundastarf, öryggisverkferils um strætóferðir með barnahópa og strætóþjálfunar á frístundaheimilum.

Starfshópurinn leggi mat á hugmyndir eða tilraunverkefni um að eldri árgangar í grunnskólum hefji skóladaginn síðar á morgninum og hvort slíkar útfærslur gætu nýst við að ná markmiði um samfelldan og innihaldsríkan skóladag.

1. Samræmt verði innan hverfa hvenær eldri árgangar (unglingastig) byrjar í skólanum á morgnana og hvenær þau klára skóladaginn. Þannig verður auðveldara að skipuleggja æfingatíma og annað frístundastarf innan hverfisins. Að öðru leyti telur starfshópurinn hvern skóla þurfa að meta þetta fyrir sig í samráði við foreldra, börn og samstarfsaðila í hverfum.
2. Í grunnskólum verði leitast við að efla fræðslu til barna og unglinga um mikilvægi svefns.
3. Foreldrafélög verði hvött til þess að ræða rafrænan útvistartíma barna til þess að börnin séu ekki í tölvum eða snjalltækjum langt fram eftir nóttu.

Fylgiskjal 1 – Kortlagning íþróttar-, félags- og frístundastarfs í hverfum

Hér er samantekt úr vinnu frístundaráðgjafa þjónustumiðstöðva sem tóku saman yfirlit yfir framboð íþróttar-, félags- og frístundastarfs í hverfunum. Ekki bárust upplýsingar/kortlagning frá Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti og því eru upplýsingar þaðan mjög takmarkaðar.

Starfsemi félaga úti í hverfunum var vel rýnd en erfiðara er að rýna tilboð sem eru starfrækt miðlægt í borginni en gerð var tilraun til að kortleggja þau helstu.

Í öllum hverfum eru starfrækt frístundaheimili fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Í þremur borgarhlutum eru starfræktar félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglinga 10-16 ára sem þurfa sértækan stuðning í beinu framhaldi af skóla til kl. 17:15 og eru þær staðsettar í Breiðholti, Vesturbæ og Grafarvogi. Í öllum hverfum eru síðan starfræktar félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglinga 10-16 ára. Þessi starfsemi er rekin af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Breiðholt

- Í Breiðholti er fjölbreytt íþróttastarf í boði, handbolti, fótboldi, körfubolti, frjálsar íþróttir, fimleikar, judó, taekwondo. Einnig tónlistartilboð s.s. á vegum tónlistarskóla og í hverfinu er starfrækt skólahljómsveit Breiðholts og Árbæjar. Skáknámskeið og myndlist er einnig í boði en ekki í miklu mæli. Einnig bjóða kirkjurnar í Breiðholti upp á kirkjustarf einu sinni í viku að meðaltali. Frístundaheimilin í Breiðholti eru í góðu samstarfi við þá aðila í hverfinu sem bjóða upp á íþróttar- og frístundastarf.
- Tíðni æfinga er yfirleitt 2-3 í viku fyrir aldurshópinn 6-10 ára en við 11-12 ára aldurinn fjölgar æfingum í 3-4 í viku.
- Frístundavagn á vegum ÍR gengur einu sinni á dag á virkum dögum. Hann fer frá Seljaskóla 14:20 að Ölduselsskóla, síðan að Breiðholtsskóla og stöðvar kl. 14:45 í Austurbergi þar sem krakkarnir fara á æfingu kl. 15:00 eða í frístundaheimilið Undirheima, sem er staðsett í kjallara íþróttahússins/sundlaugarinnar við Austurberg. Frístundavagninn nýtist helst fyrir handbolta-, fótbolta-, körfuboltaæfingar og í einu tilfelli á sundæfingar.
- ÍR-ungar, íþróttastarf fyrir öll börn á aldrinum 6-9 er í boði eftir að skóla lýkur og gefst börnunum kostur á að sinna íþróttæfingum á starfstíma frístundaheimilanna. Í boði eru allar íþróttagreinar og ÍR sér um kennsluna. Samtals eru þetta um 80 börn sem nýta sér þetta tilboð í hverri viku.
- Öllum æfingum í handbolta, fótbolta og körfubolta fyrir börn á aldrinum 6-7 ára er lokið í síðasta lagi kl. 18:15 á daginn.
- Öllum æfingum fyrir 8-11 ára gömul börn er lokið í síðasta lagi kl. 19:00 á kvöldin
- Æfingum fyrir 12 ára börn er lokið kl. 21:00 og fyrir 13 ára eldri er þeim lokið kl. 22:00

Vesturbær

- Í Vesturbæ er fjölbreytt íþróttastarf í boði, handbolti, fótboldi, körfubolti, glíma, sund, taekwondo, jiu-jitsu, borðtennis, skíði og fimleikar svo eitthvað sé nefnt en fimleikar eru í boði í íþróttafélaginu Gróttu sem er starfrækt á Seltjarnarnesi. Einnig tónlistartilboð á vegum tónlistarskóla og í hverfinu er starfrækt skólahljómsveit Vesturbæjar. Skáknámskeið er einnig

í boði og í Vesturbæ er mikið og gott framboð af myndlistarnámskeiðum. Neskirkja býður upp á kirkjustarf einu sinni í viku að meðaltali. Framboð af dansnámskeiðum er til staðar í hverfinu. Frístundaheimilin í Vesturbæ eru í góðu samstarfi við þá aðila í hverfinu sem bjóða upp á íþrótt- og frístundastarf.

- Tíðni æfinga er yfirleitt 2-3 í viku fyrir aldurshópinn 6-10 ára en við 11-12 ára aldurinn fjölga æfingum í 3-4 í viku. Undanskilið eru sundæfingar sem er fjölga í 5 æfingar á viku við 10 ára aldurinn. Fjöldi skíðaæfingar er einnig mikill eða um 4-5 sinnum í viku frá 6 ára aldri en líklega er sá fjöldi æfinga árstíðabundin.
- Frístundavagn á vegum KR er vel nýttur í Vesturbænum og keyrir vagninn frá grunnskólunum í hverfinu að KR heimilinu. Samstarf á milli frístundaheimilanna og íþróttafélagsins er mjög gott varðandi frístundaaksturinn.
- Frostheimar, safnfrístundaheimili fyrir 8 og 9 ára gömul börn hverfisins er starfrækt í Frostaskjólí og því auðveldara um vik fyrir börn á þeim aldri að sækja íþróttastarf í KR heimilið.
- Öllum æfingum á vegum KR fyrir börn á aldrinum 6-10 ára er lokið kl. 18 á daginn. Skíðadeild KR er undanskilin því æfingar eru 3x í viku til kl. 19:30 fyrir alla aldurshópa. Einnig lýkur danstímum hjá Dansskóla Birnu Björns kl. 19:30 fyrir aldurinn 6-9 ára.
- Flestum æfingum fyrir 11-12 ára gömul börn er lokið í síðasta lagi kl. 19:00 á kvöldin.
- Hjá 13 ára og eldri er æfingatímum yfirleitt lokið fyrir kvöldmat, en einhverjir eru þó með kvöldæfingar eða kvöldfundi.

Laugar –, Háaleiti- og Bústaðahverfi

- Í Laugardal, Háaleiti og Bústaðahverfi er fjölbreytt íþróttastarf í boði. Þróttur býður upp á handbolta, fótbolta, blak, tennis og skák. Glímufélagið Ármann býður upp á fimleika, taekondo, judó, frjálsar íþróttir, körfubolta, sund og skíði. Víkingur býður upp á handbolta, fótbolta, borðtennis, karate, skíði og tennis. Fram er með framboð í hverfinu en einnig í Grafarholti og Úlfarsárdal og býður upp á handbolta, fótbolta, skíði og taekwondo. TBR býður upp á badmintonæfingar. Íþróttafélag fatlaðra er í borgarhlutanum og býður upp á boccia, sund, frjálsar íþróttir og borðtennis. Skautafélag Reykjavíkur býður upp á íshökkýæfingar og skautaskólann/lishlaup. Aikikai Reykjavík býður einnig upp á æfingar í japanskri bardagaíþrótt. KFUM og KFUK býður upp á æskulýðsstarf fyrir börn og unglinga. Skátafélagið Skjöldungar býður upp á skátastarf í borgarhlutanum. Einnig er í boði tónlistartilboð s.s. á vegum tónlistarskóla í hverfinu og í hverfinu er starfrækt skólahljómsveit Austurbæjar. Framboð af dansnámskeiðum á vegum tveggja dans- og ballettskóla er í hverfinu. Skáknámskeið eru í boði hjá Taflfélagi Reykjavíkur. Einnig bjóða kirkjurnar í hverfinu upp á kirkjustarf einu sinni í viku að meðaltali. Frístundaheimilin í hverfinu eru í góðu samstarfi við þá aðila í hverfinu sem bjóða upp á íþrótt- og frístundastarf.
- Frístundaakstur er í boði á í hverfinu á vegum Víkings, Þróttar/Ármanns og Fram. Í þessu víðfema hverfi mætti rýna betur hvort fleiri aðilar gætu nýtt frístundaaksturinn sem hafa nú þegar fært æfingar sínar fram fyrir yngsta aldurshópinn s.s. eins og TBR.
- Foreldrar greiða 7.000 kr. á önn fyrir frístundaaksturinn hjá Þrótti/Ármani.
- Æfingum er almennt lokið fyrir kl. 18:00 hjá börnum á aldrinum 6-9 ára. Undanskildar eru æfingar hjá Skátasveitinni Landnemum og drengjakór Reykjavíkur þar sem æfingum lýkur kl. 18:30. Einnig er Dansskóli Jóns Péturs og Köru með æfingar til kl. 19:00.
- Flestum æfingum fyrir 11 – 12 ára gömul börn er lokið í síðasta lagi kl. 19:00 á kvöldin.
- Hjá 13 ára og eldri er æfingatímum yfirleitt lokið fyrir kvöldmat, en einhverjir þó með kvöldæfingar eða kvöldfundi.

- Tíðni æfinga er yfirleitt 2-3 í viku fyrir aldurshópinn 6-10 ára en við 11-12 ára aldurinn fjölga æfingum í 3-4 í viku. Fjöldi skíðaæfinga er einnig mikill eða um 4-5 sinnum í viku frá 6 ára aldri en líklega er sá fjöldi æfinga árstíðabundinn.

Miðborg og Hlíðar

- Í Miðborg og Hlíðum er fjölbreytt íþróttastarf í boði, handbolti, fótboldi, körfubolti og sund. Skátastarf er í boði í hverfinu hjá skátafélaginu Landnemum. Einnig tónlistartilboð á vegum tónlistarskóla og í hverfinu er starfrækt skólahljómsveit Vesturbæjar. Kirkjur hverfisins bjóða upp á kirkjustarf einu sinni í viku að meðaltali og öflugt kórastarf er einnig í boði á vegum Drengjakórs Reykjavíkur. Framboð af dansnámskeiðum á vegum tveggja dans- og ballettskóla er í hverfinu. Frístundaheimilin í Miðborg og Hlíðum eru í góðu samstarfi við þá aðila í hverfinu sem bjóða upp á íþrótta- og frístundastarf.
- Knattspyrnufélagið Valur býður iðkendum sínum upp á rútuförir/frístundaakstur frá frístundaheimilum í hverfinu á æfingar að Hlíðarenda. Um er að ræða þjónustu fyrir 6-9 ára börn (1.-4. bekk) og á æfingar sem hefjast kl. 15:00-16:00. Foreldrar sækja síðan börn sín að Hlíðarenda að æfingu lokinni. Gjaldið fyrir ferðirnar er 5.000 krónur önnin fyrir eina ferð á viku - 10.000 krónur fyrir tvær ferðir og 15.000 fyrir þrjár ferðir í viku.
- Allt að 50 börn sem nýta sér vagninn á hverjum degi. Samstarf á milli frístundaheimilanna og íþróttafélagsins er mjög gott varðandi frístundaaksturinn.
- Æfingum er almennt lokið fyrir kl. 18:00 hjá börnum á aldrinum 6-9 ára. Undanskildar eru æfingar hjá Skátasveitinni Landnemum og drengjakór Reykjavíkur þar sem æfingum lýkur kl. 18:30. Einnig er Dansskóli Jóns Péturs og Köru með æfingar til kl. 19:00
- Tíðni æfinga er yfirleitt 2-3 í viku fyrir aldurshópinn 6-10 ára en við 11-12 ára aldurinn fjölga æfingum í 3-4 í viku.
- Flestum æfingum fyrir 11-12 ára gömul börn er lokið í síðasta lagi kl. 19:00 á kvöldin.
- Hjá 13 ára og eldri er æfingatímum yfirleitt lokið fyrir kvöldmat, en einhverjir þó með kvöldæfingar eða kvöldfundi, heyrir þó til undantekninga í þessu hverfi.

Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt

- Ekki bærast upplýsingar/kortlagning frá Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti og því eru upplýsingar þaðan mjög takmarkaðar.
- Íþróttafélagið Fylkir býður börnum í 1.-4. bekk í grunnskólum hverfisins, þ.e. í Ártúnsskóla, Árbæjarskóla, Selásskóla og Norðlingaskóla, upp á íþróttastarf.
- Frístundavagn á vegum Fylkis fer keyrir börn frá frístundaheimilum í Árbæ og Norðlingaholti á æfingar í Fylkisseli, Norðlingaskóla, Árbæjarskóla og á Fylkissvæðið við Fylkisveg.
- Eldri börn mega nýta sér ferðirnar sé pláss.
- Foreldrar þurfa að skrá börn sín í frístundaakstur þegar æfingargjöld eru greidd og greiða fyrir hann 1000 kr. á önn.
- Starfsmaður frístundaheimilis fylgir börnum að vagninum. Enginn starfsmaður er í vagninum og er því ábyrgðin á höndum foreldra að þau fari út á réttum stað og skili sér á æfingu.
- Fram er með íþróttastarf fyrir börn í Grafarholti og býður upp á frístundaakstur, bæði innan hverfis og á milli Grafarholts og Safamýrar.

Grafarvogur

- Í Grafarvogi er fjölbreytt íþróttastarf í boði. Fjölirnir býður upp á handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleika, frjálssar íþróttir, karate, skák, tennis og sund. Skautafélagið Björninn býður upp á iðkun fyrir börn frá aldrinum 5 til 18 ára í skautahlaupi, íshokkí og bandý. Skátastarf er í boði í hverfinu hjá skátafélaginu Hamri. Einnig tónlistartilboð á vegum tónlistarskóla og í hverfinu er starfrækt skólahljómsveit Grafarvogs. Grafarvogskirkja býður upp á kirkjustarf einu sinni í viku að meðaltali. Frístundaheimilin í Grafarvogi eru í góðu samstarfi við þá aðila í hverfinu sem bjóða upp á íþróttastarf og frístundastarf. Hluti af íþróttastarfi Fjölnis fer fram utan hverfisins þ.e. æfingar í frjálsum.
- Frístundaakstur er ekki í Grafarvogi, sjá nánar í kafla um frístundaakstur.
- Æfingum er almennt lokið fyrir kl. 18:00 hjá börnum á aldrinum 6-9 ára.
- Tíðni æfinga er yfirleitt 2-3 í viku fyrir aldurshópinn 6-10 ára en við 11-12 ára aldurinn fjölga æfingum í 3-4 í viku.
- Flestum æfingum fyrir 11-12 ára gömul börn er lokið í síðasta lagi kl. 19:00 á kvöldin.
- Hjá 13 ára og eldri er æfingatímum yfirleitt lokið fyrir kvöldmat, en einhverjir þó með kvöldæfingar eða kvöldfundi.

Fylgiskjal 2 – Skólabyrjun og skólalok í Reykjavík, vorönn 2015

Skóli hefst				Skóla lýkur		
Skóli:	1. - 4. bekkur	5. - 7. bekkur	8. - 10 bekkur	1. - 4. bekkur	5. - 7. bekkur	8. - 10 bekkur
Austurbæjar-skóli	08:50	08:05	08:05	14:05	14:10	12:45 og svo val
Árbæjarskóli	08:10	08:10	08:10	13:35	13:55	mismunandi stundatöflur í 8. - 10. bekk
Ártúnsskóli	Opnar 08:15. Kennsla hefst 8:30	Opnar 08:15. Kennsla hefst 8:30		1. og 2. bekkur: 14:00 3. og 4. bekkur: 13:40	Mán-fimmt: 14:15 föstud: 13:35	Sundtímar eftir kennslu tímabundið yfir skólaárið
Breiðagerðisskóli	08:35	08:35		13:45	14:25 en 7. bekkur er til 15:05 einn dag í viku	
Breiðholts-skóli	08:30	08:30	08:30	13:30	14:15	13:30/14:10. Val eftir þá tíma og búið á mismunandi tímum
Dalskóli	1. bekkur: 08:00 (skóli hefst á flæði í 15 mín. áður en alm. kennsla hefst) 2. -4. bekkur: 8:15	08:15	08:15	1. bekkur: 14:00 þrjá daga, 13:20 einn dag og 13:25 einn dag 2. bekkur: 14:20, einn dag 14:05 3. bekkur: 14:20 4. bekkur: 14:20, einn dag 14:30	5. bekkur: 14:20, einn dag 14:55 6. bekkur: 15:00, 14:00; 14:15, 14:20, 14:05 7. og 8. bekkur: 15:00, 14:00, 15:00, 14:00, 13:40	
Fellaskóli	08:20	08:20	08:20	1. og 2. bekkur: 15:40 3. og 4. bekkur: 13:30	5. og 6. bekkur: 13:50 og 14:30 7. bekkur 13:10 og 14:30	8. bekkur: 12:30 - 16:45 9. og 10. bekkur: 13:50 og 16:05
Foldaskóli	08:10	08:10	08:10	13:30	14:00	8.-10. bekkur búinn á mismunandi tímum, fer eftir valfögum alveg frá 12:40 - 16:05
Fossvogsskóli	09:00	08:10		14:10	14:10	
Grandaskóli	08:30	08:30		13:40	14:20	
Hagaskóli	08:30		08:30			ekki seinna en 14:55 fjóra daga en á föstud. 13:30
Hamraskóli	08:20	08:20		13:30	14:10	
Háaleitisskóli - Álftamýri	08:30	08:20	08:20	13:40	14:00	14:30. Valgreinatímar 8 á viku

Háaleitisskóli - Hvassaleiti	08:20	08:20		13:30	14:10	
Háteigsskóli	08:30	08:30	08:25	13:40	14:20	8.-10. bekkur: misjafnt hvenær þau eru búin, fer eftir valfögum
Hlíðaskóli	08:30	08:10	08:10	13:40	14:10	8. bekkur: 14:10+ val og sund getur verið til 16:20 9. - 10. bekkur 13:20 + val og sund getur verið til 16.20
Hólabrekkuskóli	08:30	08:30	08:30	13:30	5. bekkur: 14:00 6. bekkur: 14:10 7. bekkur: 14:10	8. bekkur: 13:30 - 14:50 (lengst) 9. og 10. bekkur: 16:25 (lengst)
Húsaskóli	08:10	08:10		13:40	13:50	
Ingunnarskóli	08:20	5. bekkur: 8:20 6.-7. bekkur: 8:30	08:30	1.-3. bekkur: 13:25 4. bekkur: 13:45	5. bekkur: 13:45 6.-7. bekkur 14:15	14:20 valgreinar: 14:20 - 15:40 þriðjudaga: 12.50
Kelduskóli - Korpa	08:15	08:15		1. - 3. bekkur: 13:40 4. bekkur: 14:00	14:00	
Kelduskóli - Vík	08:15	08:15	08:15	1.-3. bekkur: 13:40 4. bekkur: 14:00	14:00	13:10
Klébergsskóli	08:15	08:15	08:15	14:25 nema á föstud. 11:55 inn í þetta kemur frístundabil hjá yngri börnum frá 11:15-12:15 nema á föstudögum	14:25 nema á föstudögum 11:55	14:25 nema á föstu 11:55
Langholts-skóli	1. bekkur: 8:202.-3. bekkur: 8:304. bekkur: 8:10	08:10	08:10	1. bekkur: 13:302.-3. bekkur: 13:404. bekkur: 13:20 (1-2 daga: 14:00)	5. bekkur: 14:00 6. bekkur: 14:00 (2 daga 14:40)7. bekkur: 14:00 (1 dag 13:20, 2 daga 14:40)	Val og samtími búið á misjöfnum tíma frá 13:50 - 15:00
Laugalækjar-skóli		08:10	08:10		7. bekkur: 2 daga til 14:25; tvo til 13:45; föstud. 13:00	8. bekkur: Fjóra daga til 14:25, föstud. til 13:00 9. og 10. bekkur: Fjóra daga til 13:05 en val eftir það. föstud. búin 11:55
Laugarnes-skóli	08:30	08:30		13:40	14:10	
Melaskóli	08:30	08:30		13:40	14:20	

Norðlingaskóli	08:10	08:10	08:30	13:55	13:55	Unglingadeildir: mánud. og fimmtud.: 13:55, val 14:00 - 15:00 þriðjud. og föstud. 13:55 miðvikud. 14:40
Réttarholtsskóli			08:05			mán., mið og föst: 14:45 þrið og fimmt: 15:30
Rimaskóli	08:10	08:10	08:10	13:20	13:50, stundum til 14:30	12:40 og val frá 13:10 - 15:20
Selásskóli	08:10	08:10		13:30	14:30	
Seljaskóli	08:30	08:30	08:30	1.-3.: 13:40 alla daga nema föstud: 13:20 4. bekkur: mán. 13:50; þrið: 13:40; miðv. 13:50, fimmt: 12:50; föst. 13:20	5. bekkur: mán., þrið., mið: 14:20; fimmt. 14:30; föst: 13:40) 6. bekkur: 14:20 nema föstud. 12:50 7. bekkur: 14:20 nema föstud. 13:40	8. bekkur: mán. 13:20; þri. 13:30; mið. 13:20; fimmt. og föst. 13:30 en þau sem eru í vali byrja 13:40 og aldrei lengur en 2 kennslust. 9. og 10. bekkur í miklu vali og misjafnt hvenær þau hætta.
Sæmundarskóli	1. bekkur: 08:10 2. og 3. bekkur: 8:20 4. bekkur: 8:10	08:10	08:10	1. bekkur: 13:30 2. og 3. bekkur: 13:40 4. bekkur: 13:55	5. bekkur: 13:55 6. og 7. bekkur: 14:10	14:10 og síðan val. Eru til 15:15 á mánudögum
Vesturbæjarskóli	08:45	08:45		13:45	14:25	
Vogaskóli	08:10	08:10	08:10	1., 2. og 3. bekkur: 13:35 4. bekkur: 13:20	14:00	8. bekkur: 15:15 9. og 10. bekkur: 14:35
Vættaskóli - Borgir/Engi	08:20	08:20	08:20	1.-3. bekkur: 13:30 4. bekkur: 13:30 og 14:00 einn dag í viku	5. bekkur: 14:10 6. bekkur: 14:00 og 14:50 einn dag í viku 7. bekkur: 14:00 og 14:40 einn dag í viku	8. bekkur: 13:20 og val til 14:50 9. -10. bekkur: 13:20 og val 14:50 og 15:20
Ölduselsskóli	08:30	08:10	8:10/8:30	13:40	5. bekkur: 14:00 mán/þri; 13:50 mið; 13:40 fimmt/föst 6. bekkur: 13:40 mán; 14:10 þri/mið/fimmt; 12:40 föst 7. bekkur: 14:10 mán; 14:00 þri; 14:20 mið; 13:40 fimmt; 12:40 föstu	8.-10. bekkur: misjafnt hvenær þau eru búin, fer eftir valfögum